

Sjúkrapjálfun

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

www.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Sjúkraþjálfun

Hefur þú áhuga á fjölbreyttu og gefandi starfi þar sem m.a. er unnið að forvörnum, þjálfun og endurhæfingu fólks, hvort sem það er heilbrigt, veikt eða fatlað?

Þá er nám í sjúkraþjálfun góður kostur fyrir þig.

Við hvað starfa sjúkraþjálfarar?

Starfssvið sjúkraþjálfara er mjög fjölbreytt. Sjúkraþjálfarar greina og meðhöndla hreyfitruflanir og orsakir þeirra, hjá fólki sem er allt frá því að vera rúmliggjandi á sjúkrahúsum til þess að vera keppnisfólk í íþróttum. Auk þess fást sjúkraþjálfarar við að koma í veg fyrir eða draga úr afleiðingum áverka, álagseinkenna, sjúkdóma og lífsstíls sem með truflun á hreyfingu geta raskað lífi einstaklingsins.

Sérsvið innan sjúkraþjálfunar eru mörg og algengt er að sjúkraþjálfarar sérhæfi sig á afmörkuðum sviðum.

Vinna sjúkraþjálfara byggist á að þekkja eðlilega hreyfistarfsemi líkamans og greina hreyfitruflanir sem tengjast kvörtunum og/eða fötlun hvers og eins. Ýmsum aðferðum er beitt til að bæta starfsemi líkamans, þjálfra hreyfifærni og bæta álagspól. Ráðgjöf og fræðsla eru hluti af starfi sjúkraþjálfara. Ráðgjöf getur falist í fræðslu til einstaklings sem er hjá sjúkraþjálfara, en getur einnig náð til hóps af fólki, til vinnustaða, skóla eða til ýmissa stofnana og félaga.


Hvar starfa sjúkraþjálfarar?


- » Á endurhæfingarstöðvum
- » Á einkareknum sjúkraþjálfunarstofum
- » Á sjúkrahúsum
- » Á öldrunarstofnunum
- » Á líkamsræktarstöðvum
- » Hjá íþróttafélögum
- » Við vinnuvernd
- » Við kennslu
- » Við rannsóknir
- » Við ýmskonar ráðgjöf t.d. á sviði forvarna og heilsueflingar.



Starfsmöguleikar að námi loknu

Nýútskrifaðir sjúkraþjálfarar eru eftirsóttir starfskraftar. Skortur er á sjúkraþjálfurum og því geta flestir fengið vinnu sem tengist áhugasviði þeirra innan sjúkraþjálfunar.





Skipting námsgreina eftir einingum.
Nám í sjúkraþjálfun er 240 ECTS einingar til B.S. prófs.

Námsbraut í sjúkraþjálfun

Námsbraut í sjúkraþjálfun er á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands í tengslum við læknadeild. Nám í sjúkraþjálfun er fjögurra ára nám og lýkur með B.S. gráðu í sjúkraþjálfun. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu námsbrautarinnar, www.physio.hi.is

Námið byggir á fræðilegum og vísindalegum grunni þar sem lykilhugtakið er hreyfing. Hluti námsins er verklegur þar sem nemendur eru þjálfaðir í að beita æfingum og handbrögðum sjúkraþjálfara. Hluti af þriðja og fjórða námsári fer fram á endurhæfingarstöðvum, sjúkraþjálfunarstofum, heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum, þar sem nemendur vinna með skjólstæðinga undir handleiðslu reyndra sjúkraþjálfara.



Hvernig kemst ég í námið?

Fjöldi nemenda í námið er takmarkaður. Á hverju ári eru 25 nemendur teknir inn í námið. Inntökuþróf fer fram í byrjun sumars ár hvert og er það sameiginlegt með læknisfræði. Nemendur þurfa að skrá sig í inntökuþróf með góðum fyrirvara hjá nemendaskrá Háskóla Íslands. Upplýsingar um inntökuþrófið er að finna á heimasíðu læknadeildar, www.laeknadeild.hi.is

Framhaldsnám

Góðir möguleikar eru á fjölbreyttu framhaldsnámi bæði hér á landi og erlendis. Námsbraut í sjúkraþjálfun stendur fyrir rannsóknatengdu meistara- og doktorsnámi í samvinnu við læknadeild. Einnig er samvinna um framhaldsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, www.physio.hi.is

Félag nema í sjúkraþjálfun (FNÍS)

Við Námsbraut í sjúkraþjálfun er starfandi nemendafélag (FNÍS) sem gætir hagsmuna nemenda og hefur forgöngu um félagslíf þeirra. Á hverjum vetri stendur félagið fyrir ýmsum skemmtilegum viðburðum, svo sem busavígslu, vísindaferðum, árshátíð o.fl. (nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins: www.fnis.hi.is)

Námsbraut í sjúkræþjálfun

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Sími 525 4004

Fax 525 4008

Netfang physiotherapy@hi.is

www.physio.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Útgefið í febrúar 2008
Hönnun: Íslenska / HSK 41025
Ljósmyndir: Kristinn Ingvarsson
og Sigrún Benediktsdóttir
Prentun: Íslandsprent